

1 Hver verða forlög mannkynsins?

Á það að líta undir lok í
náinni framtíð, eða mun
það komast á braut hinna
glæsilegustu framfara? —
Skoðanir H. G. Wells.

I.

Mjær var áðan borið á brýni
að jeg spái dapurlega um
framtíð íslensku þjóðarinnar og
alls mannkyns. En þetta er mis-
skilningur. Jeg hefi aðeins sagt —
og sagði þegar vorið 1914 — að
hins versta sje von, jafnvel meiri
hörmunga en nokkru sinni áður í
sögu mannkynsins, ef ekki verði
gagnger stefnubreyting. Virðist
mjær sem öll rás viðburðanna síðan
jeg vakti fyrst máls á þessu,
bendi mjög eindregið til þess að
jeg hafi rjett skilið. Var mjær vit-
anlega mjög mikill hugur á að
koma fram þeim skilningi, sem jeg
taldi víst að gæti orðið til að af-
stýra heimsvandræðum. En þar
var þungt fyrir. Það er Íslendingi
erfitt — og þá einkum ef um er
að ræða mann, sem ekki er skáld,
heldur náttúrufraeðingur og heim-
spekingur, ef svo mætti að orði
komast, — að vekja svo víða eftir-
tekt á orðum sínum, sem nauð-
synlegt er. Það má því geta
nærri, að mjær hefir þótt
vænt um, ef heimskunnir menn
sögðu eitthvað, sem mjær virt-

ist vera í rjetta átt um þessi
efni. En enginn hefir þar, svo jeg
viti til — að Adam Rutherford
einum undanteknum — betur gert
en H. G. Wells, í nýjustu bók
sinni: Um forlög mannkynsins:
The Fate of Homo Sapiens, Lon-
don 1939.

II.

Því miður hefi jeg ekki sjéð
þessa bók sjálfa ennþá; en mjög
góð grein um hana er í náttúru-
fræðitímaritinu Nature 2. sept. s.l.,
eftir J. C. H. (sem jeg veit ekki
hver er). Virðist þar tekið fram
einmitt það, sem mjær þykir
merkilegast í skoðunum Wells.
Hinnum ágæta snillingi virðist á-
standið hjer á jörðu nú vera orðið
svo ískyggilegt, að hin mesta
hætta sje á afturför mannkynsins
og jafnvel aldaudá, ef ekki er að
gert. Telur hann bráðra aðgerða
þörf vera, en þar sje ekki hægt
um vik, því að ekkert minna dugi
en gersamleg breyting hugarfars-
ins. Segir hann hugarfarsbreyt-
ingu þessa verða spretta af auk-
inni þekkingu, auknum skilningi
á tilveruhni. Það sem vorri kyn-
slóð er mest þörfin á, að ætlan
Wells, er ný upplýsingarálda, lík
þeirri, sem varð undirstaðan und-
ir framförum 19. aldarinnar. En

bó þarf þessi upplýsingaralda, sem bera á mannkynið að hinni fögru og bjargandi framtíðarströnd, að vera miklu stórkostlegri en áður var. Og hann spyr, hvort það sje mögulegt, að þetta geti orðið nú á vorum dögum.

III.

Það sem mjer þykir alveg sjerekstaklega mikilsvert er, að Wells gefur í skyn, ótvíraðlega, að þessi nýja upplýsingaralda verði að leiða til „vísindalegs útsýnis yfir lífið í alheimi: The scientific vision of life in the universe“. Er auðskilið að mjer muni þykja vænt um að sjá, hversu nærri hinn ágæti snillingur er þarna kominn þeirri skoðun, sem jeg fyrst ljelt fram í brjefi mínu til danska vísindafjelagsins vorið 1914, en síðan rækilegar í bókinni Nýal. Hin nauðsynlega breytting frá Helstefnu til Lífstefnu

verður þegar menn uppgötva lífið á stjörnunum og komast í vísindalegt samband við það. Og án þess hekkingarauka, þeirrar upplýsingar, getur sú breyting alls ekki orðið, heldur líður mannkynið undri lok, eftir að ástandið hefir orðið líkara og líkara því, sem er á þeim stöðum framlífsins, sem verðskulda að heita helviti. — Framtíð mannkynsins hefir aldrei verið stofnað í jafn brýnan vola og nú er gert, og ætti það að geta greitt fyrir tilraununum til að koma á friði, ef þetta væri lýðum ljóst. Og ætt í þessu efni að mega vænta mikils stuðnings af þessari bók hins víðlesna höfundar, sem ekki síst er frægur fyrir það, hversu oft hann hefir rjett til getið um, hvað náið framtíð mundi bera í skauti sínu.

5. okt.

Helgi Pjeturss.

Mbl. 31.10.39.